

66. kirkjuþing 2024 - 2025

35. mál - þskj. 35a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 8/2021-2022.

Flm: **Auður Thorberg**, Einar Örn Björgvinsson og Magnús Erlingsson.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. orðast svo:

Á kirkjuþingi eiga sæti 29 fulltrúar, 20 leikmenn og 9 vígðir.

2. gr.

2. gr. orðast svo:

Kjördæmaskipan er eftirfarandi:

1. Reykjavíkurbíofastsdæmi vestra, 1. kjördæmi. Fjórir fulltrúar og fjórir til vara.
2. Reykjavíkurbíofastsdæmi eystra, 2. kjördæmi. Fjórir fulltrúar og fjórir til vara.
3. Kjalarnesbíofastsdæmi, 3. kjördæmi. Fjórir fulltrúar og fjórir til vara.
4. Vesturlandsbíofastsdæmi, 4. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
5. Vestfjarðarbíofastsdæmi, 5. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
6. Húnavatns- og Skagafjarðarbíofastsdæmi. 6. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarbíofastsdæmi, 7. kjördæmi. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
8. Austurlandsbíofastsdæmi 8. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
9. Suðurbíofastsdæmi, 9. kjördæmi. Tveir fulltrúar og tveir til vara.

Að auki er kosinn einn vígður fulltrúi og tveir vígðir varamenn hans í hverju framangreindra kjördæma.

Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir kosnir til.

3. gr.

3. gr. starfsreglnanna fellur brott.

4. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Kosningarréttur.

Kosningarrétt til kirkjuþings á hver sá sem þann 1. apríl á kosningaári:

- a) uppfyllir skilyrði til að taka sæti í sóknarnefnd,
- b) hefur tekið vígslu til djákna eða prests og er skráður í þjóðkirkjuna.

5. gr.

5. gr. og 6. gr. falla brott.

6. gr.

7. gr. orðast svo:

Kjörgengi.

Kjörgengur til kirkjuþings er hver sá leikmaður sem þann 1. apríl á kosningaári hefur kosningarrétt samkvæmt a. lið 4. gr., er 18 ára og hefur óflekkað mannorð. Óflekkað mannorð telst enginn hafa sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi sem dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.

Kjörgengur sem vígður fulltrúi er hver sá sem uppfyllir skilyrði í 1. mgr. og sem er:

a. Vígður þjónn íslensku þjóðkirkjunnar eða hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis og í föstu og launuðu starfi sem slíkur, eða

b. vígður þjónn, sem lýtur tilsjónar biskups Íslands og í föstu og launuðu starfi sem slíkur á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi.

Ráðning í starf samkvæmt a og b liðum skal vera til a.m.k. eins árs eða ótímabundið.

Vígður þjónn í tímabundnu leyfi frá starfi skv. a eða b lið, allt að tveimur árum, er kjörgengur.

7. gr.

8. gr. orðast svo:

Hvar kosningarréttar og kjörgengis skuli notið.

Kosningarréttur og kjörgengi samkvæmt 7. gr. er í því kjördæmi sem lögheimili leikmanns er skráð í þjóðskrá, en vígðs þjóns í því kjördæmi þar sem aðalstarfsstöð hans er. Sé aðalstarfsstöð erlendis telst hún tilheyra Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra.

Miða skal við lögheimilisskráningu leikmanns og aðalstarfsstöð vígðs þjóns þann 1. apríl á kosningaári.

8. gr.

Í stað orðanna „3. og 4. gr. sbr. 6. gr“ í 2. mgr. 9. gr. komi: 4. gr.

9. gr.

Í stað „6. gr.“ í 5. másl. 1. mgr. 10. gr. komi: 4. gr.

10. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Tillaga þessi að breyttum starfsreglum um kjör til kirkjuþings felur í sér eftirfarandi meginbreytingar á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 8/2021-2022:

1. Kosningarréttur er rýmkaður þannig að allir sem eru í þjóðkirkjunni og hafa náð sextán ára aldri hafa kosningarrétt.
2. Sérstakar kjördeildir leikra annars vegar og vígðra hins vegar eru aflagðar. Í staðinn eru teknar upp sameiginlegar kjördeildir leikmanna og vígðra. Allir kjósendur kjördæmis kjósa þannig alla þingfulltrúa kjördæmisins.
3. Kjördæmi leikmanna, þ.e. hvert prófastsdæmi um sig, verða sameiginleg kjördæmi leikra og vígðra. Sérstök kjördæmi vígðra, þrjú talsins, eru þannig aflögð.
4. Sæti vígðra þjóna á kirkjuþingi verða níu í stað tólf. Í hverju prófastsdæmi verður kjörinn einn vígður fulltrúi á kirkjuþing. Leikmönnum verður fjölgað samsvarandi þannig að einn fulltrúi bætist við í stærstu prófastsdæmunum þremur á suðvesturhorninu. Fjöldi kjörinna fulltrúa á kirkjuþingi helst þannig óbreyttur.

Fleiri breytingar eru lagðar til.

Tillaga þessi er flutt í framhaldi af skýrslu sem unnin var samkvæmt ályktun í 11. máli 65. kirkjuþings 2023 – 2024. Skýrslan er lögð fram á 66. kirkjuþingi 2024 – 2025 í 34. máli.

Með skýrslunni fylgir lögfræðialit dr. Davíðs Þórs Björgvinssonar, lagaprófessors, dags. í febrúar 2025. Þar kemur fram að til að kosningareglur kirkjunnar samrýmist lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, einkum 4. gr. laganna, um jafnræði og lýðræði, verði að rýmka kosningarrétt í þjóðkirkjunni og gera hann almennan.

Er því lagt til að allir leikmenn sem geta tekið sæti í sóknarnefnd, þann 1. apríl á kosningaári, hafi kosningarrétt. Kosningarréttur vígðra þjóna er rýmkaður þannig að allir sem vígslu hafa hlotið og eru skráðir í þjóðkirkjuna geta kosið.

Sama gildir um kjörgengi þ.e. að allir leikmenn í þjóðkirkjunni geti boðið sig fram til setu á kirkjuþingi. Miðað verði við eins og verið hefur að frambjóðandi verður að hafa náð 18 ára aldri (löggræðisaldri). Reglur um kjörgengi vígðra þjóna eru óbreyttar. Einnig kemur fram í ofangreindri skýrslu að núverandi fyrirkomulag með sérstökum þremur kjördeildum vígðra sem kjósa vígða þjóna á kirkjuþing og níu kjördeildum leikmanna sem kjósa leikmenn á kirkjuþing, samrýmist ekki heldur framangreindu ákvæði þjóðkirkjulaga. Er því lagt til að sú aðgreining sú falli brott þannig að allir kjósendur í hverju kjördæmi kjósi um leika jafnt sem vígða frambjóðendur í kjördæminu. Sú breyting er einnig rökrétt afleiðing rýmkunar kosningarréttar.

Þá er rökrétt í þessu sambandi að sameina kjördæmi leikmanna og vígðra. Flutningsmenn leggja til, eins og í skýrslunni greinir og sem þar er rökstutt nánar, að prófastsdæmi landsins verði kjördæmi. Einnig er lagt til að sætum vígðra á kirkjuþingi verði fækkað úr tólf í níu og leikmönnum fjölgað um þrjá. Með þessari breytingu verða vígðir þjónar 31% kjörinna fulltrúa á kirkjuþingi.

Að öllu framangreindu virtu, telja flutningsmenn tillögu þessa nauðsynlega og í raun óhjákvæmilega til að næsta kirkjuþingskjör árið 2026, uppfylli skilyrði 4. gr. laga um þjóðkirkjuna um jafnræði og lýðræði.

Um einstakar greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Lagt er til að sætum vígðra þjóna á kirkjuþingi verði fækkað þannig að eitt sæti fyrir vígðan þjón sé í hverju prófastsdæmi. Einnig er lagt til að leikmönnum í fjölmennustu kjördæmunum þremur þ.e. Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæmum verði fjölgað um einn í hverju kjördæmi.

Fjöldi kjörinna þingfulltrúa á kirkjuþingi verði þannig óbreyttur þ.e. 29 talsins.

Um 2. gr.

Ákvæði þetta felur í sér að kjördæmi allra þingfulltrúa verða hin sömu og horfið verði frá skiptingu þeirra milli leikmanna og vígðra þjóna. Fjöldi þingsæta leikmanna og vígðs þjóns í hverju kjördæmi er samræmdur 1. gr. tillögu þessarar.

Um 3. gr. og 4. gr.

Lagt er til að núverandi 3. gr. um kosningarrétt vígðra falli brott, enda felur tillaga þessi í sér að allt þjóðkirkjufólk, 16 ára og eldra hafi kosningarrétt við kirkjuþingskjör. Ákvæði 4. gr. verði breytt þannig að það mæli fyrir um kosningarrétt allra sem skráðir eru í þjóðkirkjuna þann 1. apríl á kosningaári. Það er sama tímaviðmið og segir í 6. gr. nógildandi reglna. Gera þarf greinarmun á leikmönnum og vígðum þjónum í þessu sambandi. Lagt er til að kosningarréttur leikmanna miðist við að viðkomandi uppfylli skilyrði til að taka sæti í sóknarnefnd. Þannig er fallið frá því að kosningarréttur leikmanna sé bundinn við meðmæli sóknarnefndar sinnar.

Um 5. gr.

Lagt er til að ákvæði 5. gr. nógildandi starfsreglna um takmörkun á kosningarrétti og kjörgengi falli brott. Ákvæðið stangast á við 4. gr. laga um þjóðkirkjuna um jafnræði og lýðræði.

Efni 6. gr. nógildandi starfsreglna um viðmiðunardag kosningarréttar þann 1. apríl á kosningaári er fellt inn í nýja 4. gr. tillögu þessarar og er samkvæmt því óþarft.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er svipað að efni og nógildandi 7. gr. og 3. gr. Þó er lagt til að fallið verði frá kröfu um að leikmenn séu skírðir og eins að þeir hafi meðmæli sóknarnefndar sinnar. Erfiðleikum getur verið bundið að færa sönnur á að fólk hafi verið skírt þar sem engin miðlæg skrá er til um skírnir. Þá er áhorfsmál hvort sú krafa gangi einfaldlega ekki of langt með hliðsjón af kröfu þjóðkirkjulaga um lýðræðislega stjórnarhætti. Krafa um meðmæli sóknarnefndar sem skilyrði kjörgengis er gildi bara fyrir leikmenn, er andstæð 4. gr. þjóðkirkjulaga og ber að fella brott. Reglur um kjörgengi vígðra eru óbreyttar. Áfram er miðað við að kjörgengi vígðra á kirkjuþingi miðist við að þeir gegni vígðri þjónustu hjá þjóðkirkjunni eða lúti tilsjónar biskups Íslands í starfi á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi.

Um 7. gr.

Ákvæðið er svipað og núgildandi 8. gr. Miðað er við lögheimili leikmanns þann 1. apríl á kosningaári. Vegna framangreindra breytinga á kjördæmaskipan vígðra er lagt til að kjörgengi og kosningarréttur þeirra miðist við það prófastsdæmi þar sem aðalstarfsstöð viðkomandi er þann 1. apríl á kosningaári. Þeir sem starfa erlendis njóta kjörgengis og kosningarréttar í Reykjavíkprófastsdæmi vestra.

Um 8. gr., 9. gr. og 10. gr.

Ákvæði þessi eru lagfæringar auk gildistökuákvæðis og þarfnast ekki skýringa.

Kostnaðaráætlun

Samkvæmt skýrslu um rýmkun kosningaréttar í 34. máli 66. kirkjuþings og fylgiskjali með þeirri skýrslu getur kostnaður verið breytilegur eftir því hvaða lausn er valin og hve margir kjósa. Fleiri kosningabærir þjóðkirkjumenn, allt að 184.500, m.v. 1.12.2024, fela í sér meiri kostnað en við kosningar samkvæmt núverandi kerfi þar sem fáir hafa kosningarrétt. Á móti kemur að kosningakerfið er einfaldað til muna með fækkun kjördeilda og kjördæma og ætti það að einfalda framkvæmd kosninga nokkuð.